

Út á gólfið
ekkert
stress

Föstudagsmolinn



Framundan

Mánudagur 6. mars

Matseðill: Steiktur fiskur (þorskur) í raspi, kartöflur, ofnbakað grænmeti, laukfeiti, salat og grænmeti.

Þriðjudagur 7. mars

Matseðill: Ítalskar kjötbollur, spaghetti, sósa, salat og grænmeti.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Miðvikudagur 8. mars

Matseðill: Soðinn fiskur (þorskur), kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl 8:20

Fimmtudagur 9. mars

Matseðill: 8. bekkur hefur valið kjúklingaborgara og franskar.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 10. mars

Matseðill: Kjötsúpa með lambakjöti, rófum og kartöflum, grænmeti.

6.-10. MARS 2023

Símasáttmáli og hugmyndaflug

Núna er liðinn smá tími síðan við byrjuðum að vinna eftir nýjum símasáttmála í skólanum. Það gengur ágætlega en við viljum minna foreldra á að virða það við okkur að nýta sér þjónustu Helgu þegar það þarf nauðsynlega að ná tali af nemendum á skólatíma. Við erum öll í sama liðinu.

Skólabragurinn var fljótur að breytast eftir að sáttmálinn var tekinn í notkun. Núna má sjá nemendur spila og tefla í frítíma og ýmislegt sem hugmyndaflugið býður upp á þegar hugurinn er ekki fastur við skjáinn. Sjá meðfylgjandi mynd... LOL!





Lestrarklúbburinn


Sara ákvað að bjóða upp á nýja valgrein sem heitir Lestrarklúbburinn. Þar lesa nemendur bækur og taka þátt í umræðum. Það kom okkur skemmtilega á óvart hversu margir nemendur völdu að vera með í klúbbnum og er þetta vonandi komið til að vera.




3. bekkur í rúmfræði



Inni á heimasíðunni okkar koma reglulega inn fréttir af starfinu. Við mælum með því að þið séuð dugleg að kíkja þar inn. Svo má líka endilega fylgja okkur á facebook með því að smella [hér](#).



Miðstig í tilraunum í eðlisfræði



Finnt þér erfitt að tala við barnið þitt um klám?

Eða vantar þig réttu orðin?

Forvitni barna og unglinga um kynlíf er heilbrigð og eðlileg. En klám er hins vegar ógn við kynheilbrigði ungs fólks. Mörgum foreldrum þykir tilhugsunin um að taka samtal um klám við barnið sitt ógnvekjandi eða vandræðaleg. Því urðu til eftirfarandi leiðbeiningar, m.a. byggðar á rýnihópaviðtölum við foreldra, nýjustu rannsóknum og reynslu fagfólks.

Smelltu [hér](#) til að fá fræðast meira.

Lífið er núna

LYKLAKIPPUR FYRIR SKÓLASTÝRUR

Þessar fallegu lyklakippur fengum við skólastýrur að gjöf frá Svövu í 9. bekk. Við erum yfirmáta þakklátar fyrir hugulsemina og vonum innilega að þetta verði til þess að Guðrún Ósk muni aðeins oftast eftir lyklunum sínum.

